

Stjórnarfundur nr. 11
19. janúar 2012 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Björn Ólafsson tilkynnti forföll.

1. Erindi frá sýningastjórn vegna stigahæsta ræktanda ársins. A-2573/A-2574

Styðjum fyrstu tvo punktana frá Birni sem hann sendi með tölvupósti. Stjórn sammála efnisinnihaldi tillögu frá sýningastjórn.

2. Erindi frá Shih tzu- og Papillon-og phélenedeild vegna reglu um PRA

Áður en ákvörðun er tekin óskar stjórn eftir að ræða við fulltrúa þeirra deilda þar sem PRA hefur komið upp og ekki er til DNA próf. Senda þeim öll gögn með. Chihuahuedeild, Smáhundadeild tengiliður bichon frise – tengiliður tegundarinnar, Shih tzu og papillon. Boða þau á næsta fund stjórnar.

3. Dagskrá Retrieverdeildar fyrir árið 2012. A-2575

Samþykkt, benda þeim á skráningafr. Þegar sumarlokun er á skrifstofu.

4. Augnskoðun – Finn og Susanne eru tilbúin til að koma helgina 17.-19. febrúar.

Athuga hvort það sé grundvöllur að senda einn dýralækni til Akureyrar einn af þessum dögum. Augnskoðun fer fram í Sólheimakoti og hjá Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar, Dýrey, Perlugata 11, Kaupangur v. Mýrarveg á Akureyri.

5. Erindi frá Íþróttadeild sent með tölvup. 16.janúar 2012 A-2576

Sæl

Íþróttadeild sækir hér með um eftirfarandi daga til að halda hundafimimót árið 2012.

18. febrúar

14. apríl

29. september

24. nóvember

Vinsamlegast látið okkur vita ef einhverjir þessara daga henta illa því að þá þurfum við að fá dómara til að hliðra til dögum líka. Fyrir hönd Íþróttadeildar, Guðrún Katrín

Samþykkt

6. Erindi frá Unglingadeild, sent m.tölvupósti 8.janúar 2012 A-2576a

Boða stjórn Unglingadeildar á fund í næstu viku. Auður Sif Sigurgeirsdóttir er tilnefnd sem tengiliður stjórnar HRFÍ inn í Unglingadeild. Á fundinn í næstu vikur kemur Auður Sif, Valgerður og Jóna. Valgerður kannar tíma eftir kl.14:00.

7. Fundargerð Protokoll Nordisk Kennelunion, Vetenskapliga kommittén, NKU/VK, 1-2 december 2011 – Lagt fram A-2577

8. Erindi frá Arnheiði Runólfsdóttur vegna karldýra sem eiga of mörg afkvæmi “matador”. A-2578

Góð ábending og stjórn mun bregðast við því. Þýða úr reglum FCI og bæta inn í Grundvallarreglur HRFÍ í grein 2.4. varðandi takmörkun á afkvæmafjölda rakka innan tegunda.

2.4. Forðast að nota sama hundinn það oft til undaneldis að fjöldi afkvæma hans verði ríkjandi miðað við fjölda einstaklinga í stofninum. **Sem almennt viðmið ætti því enginn rakki að eiga fleiri afkvæmi en sem samsvarar 5% af heildarskráningum hvolpa í tegundinni á 5 ára tímabili. Einnig ætti að taka tillit til stofnstærðar, ekki aðeins á landsvísu heldur einnig á heimsvísu, sérstaklega í tegundum sem innihalda fáa einstaklinga, sbr. *FCI International breeding strategies*.**

9. Nýjar reglur v.hundahalds - bannaðar tegundir, ný Hundasamþykkt í Reykjavík
HRFÍ skilaði umsögn um nýja hundasamþykkt 7. júní 2011. Í umsögninni var ekki farið fram á að banna hundategundir sem eru nú þegar til á Íslandi. Bannlistinn í Danmörku var m.a. skoðaður og litið á hundategundir sem ekki eru til á Íslandi.

10. Neikvæð umfjöllun í fjölmiðlum um hunda

Hundaeigendur innan HRFÍ þurfa að bregðast við á einhvern hátt. Þjóða t.d. upp á hvolpafraeðslu fyrir væntanlega hvolpaeigendur, afhenda nýja diskinn HRFÍ er að fara að gefa út í samvinnu við VÍS, afhenda bæklinginn “*Sámur, komdu...*”
Ræða nánar við stjórnir deilda á næsta fulltrúaráðsfundi.

11. Stefnumótunarteymi - DVD “Til hamingju með hvolpinn” og útgáfa leikskólabæklings, “Sámur, komdu...” Allt komið vel á veg.

12. Hundasýning DÍF 14. janúar – umræður og samantekt

13. Sólheimakot – fundur 19. janúar með fulltrúum Mosfellsbæjar

Fram kom á fundinum að búið er að sækja um lóð undir gagnaver. Hugmyndin er að reisa gagnaverið á 10 hektara landsvæði í landi Sólheimakots sem er í eigu Mosfellsbæjar. Svæðið er talið vera mjög vel staðsett með tilliti til aðgengis að orkulínum Landsnets og talið hentugt fyrir þessa starfsemi. Formlega hefur verið óskað eftir samstarfi við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um uppbyggingu gagnavers í landi Mosfellsbæjar. Það er Gunnar Ármannsson sem sækir um lóðina fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags um verkefnið sem hefur verið í undirbúningi frá árinu 2008. Gert er ráð fyrir að verkefnið geti skapað 500-1000 ný störf. Bæjarráð hefur fagnað verkefninu og tekið jákvætt í það en það aðeins á byrjunarstigi. Samningur við HRFÍ var ræddur og mun hann gilda áfram út þetta ár. HRFÍ mun ekki leggja út í mikinn kostnað í endurbætur á húsnæðinu. Farið verður yfir hvað þarf nauðsynlega að endurbæta og senda Mosfellsbæ nýja framkvæmdaráætlun.

14. Dómaranefnd – skipun og starfsreglur – Frestað

15. Dómaranám – almennt nám

Búið að senda öllum umsækjendum bréf sem eru alls 11. Fjórir danskir dómara halda námskeið fyrir hópinn 24.-25. mars. Fyrst fara þau á stutt anatomy námskeið miðvikudaginn 25. febrúar og farið verður yfir sýningarreglur þriðjudaginn 7. febrúar.

Fyrri hópur í dómaranáminu:

Dönsku dómaraarnir munu einnig prófa ungu dómaranemana. Verið er að fara yfir hvaða neman eru tilbúnir til að fara í próf til að komast á næsta stig þ.e. að verða dómaraefni. Verið er að staðfæra dönsku dómaraemareglurnar til að geta upplýst nemana betur, í báðum hópunum. Allt er á frumstigi enn enda um að ræða frumkvöðlastarf hjá félaginu.

16. Erindi frá Vinnuhundadeild – uppfærðar reglur- Frestað

17. Önnur mál

- **Fulltrúaráðsfundur –áætlað að hafa hann fimmtudaginn 16. febrúar kl.19:30**

Tillaga að dagskrá:

1. Baráttumál - hvað/hver á að gera hvað
 2. Réttindi hundeigenda - hvað/hver á að gera hvað
 3. Tölvukerfi – staða, fá Steina og Axel
 4. Sólheimakot
 5. Kynningabásar á hundasýningum
- **NKU fundur í mars – tillaga að hafa fundina á skype**
 - **Fréttablaðið – auglýsingabirtingar hafnar**
 - **Þátttaka í ferðakostnaði ungra sýnenda sbr. SS – samræma kostn. við allar einstaklingskeppnirnar**
- Verður rætt á fundi með Unglingadeild í næstu viku, sjá ofar.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn miðvikudaginn 1.febrúar kl.17:00

Fundi slitið.

Sign:

Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonisdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.